

VINNUTÍMI

Vinnuvika dagvinnumanna í fullu starfi er 40 stundir eða 8 stundir á dag, mánudaga-föstudaga.

Matartími, 30-60 mínútur, fer eftir ákvæðum í hlutaðeigandi kjarasamningi og skal vera á tímabilinu kl. 11:30-13:30 og telst hann ekki til vinnutíma, þ.e. er ólaunaður.

Á hverjum vinnudegi eru 2 kaffitímar, samtals 35 mínútur að lengd, venjulega 15 mínútur fyrir hádegi og 20 mínútur eftir hádegi. Kaffitímarnir teljast til vinnutímans, þ.e. eru launaðir og eru innifaldir í 8 stunda vinnudegi. Virkur vinnutími á dag er þannig 8 stundir að frádregnum kaffitímum tveimur eða 7 stundir og 25 mínútur (7,4167 klst).

Heimilt er að lengja, stytta eða fella niður bæði matar- og kaffitíma með samkomulagi fyrirsvarsmanns vinnuveitanda og einfalds meirihluta þeirra starfsmanna sem málið varðar. Séu matar- eða kaffitímar lengdir eða styttir, lengist eða styttist vinnudagurinn að sama skapi.

Minnt skal á að starfsmaður á rétt á a.m.k. 15 mínútna hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en 6 klst. Matar- og kaffitímar teljast hlé í þessu sambandi.

Tekið skal tillit til kaffitíma við útreikning á starfshlutfalli hlutavinnufólks. Starfsmaður sem ráðinn er t.d. til vinnu kl. 12:00-16:00 án hádegishlés 5 daga vikunnar á vinnustað þar sem báðum kaffitímum hefur verið sleppt, vinnur þannig 54% af fullu starfi eða 4 stundir á dag af 7,4167 stundum.

Hér fara á eftir nokkur dæmi um upphaf og endi vinnudags eftir því hvort kaffitími/ar eru teknir eða þeim sleppt. Á vinnustöðum þar sem matartími er 1 klst., lýkur vinnudegi í öllum tilvikum hálfri klukkustund síðar en þar sem matartími er 1/2 klst.

Ytri mörk vinnudags	Kaffitími fyrir hádegi	Matartími	Kaffitími eftir hádegi	Virkur vinnutími
Báðum kaffitímum sleppt:				
kl. 08:05-16:00	sleppt	1/2 stund	sleppt	=7 st. 25 mín.
kl. 08:05-16:30	sleppt	1 stund	sleppt	=7 st. 25 mín.
Morgunkaffitíma sleppt, síðdegiskaffi tekið:				
kl. 08:45-17:00	sleppt	1/2 stund	20 mín.	=7 st. 25 mín.
kl. 08:45-17:30	sleppt	1 stund	20 mín.	=7 st. 25 mín.
Morgunkaffi tekið, síðdegiskaffi sleppt:				
kl. 08:00-16:10	15 mín.	1/2 stund	sleppt	=7 st. 25 mín.
kl. 08:00-16:15	20 mín.	1/2 stund	sleppt	=7 st. 25 mín.
kl. 08:00-16:40	15 mín.	1 stund	sleppt	=7 st. 25 mín.
kl. 08:00-16:45	20 mín.	1 stund	sleppt	=7 st. 25 mín.
Báðir kaffitímar teknir:				
kl. 08:00-16:30	15 mín.	1/2 stund	20 mín.	=7 st. 25 mín.
kl. 08:30-17:00	15 mín.	1/2 stund	20 mín.	=7 st. 25 mín.
kl. 08:45-17:15	15 mín.	1/2 stund	20 mín.	=7 st. 25 mín.
kl. 08:00-17:00	15 mín.	1 stund	20 mín.	=7 st. 25 mín.
kl. 08:30-17:30	15 mín.	1 stund	20 mín.	=7 st. 25 mín.
kl. 08:45-17:45	15 mín.	1 stund	20 mín.	=7 st. 25 mín.